

Mánudaginn 11. aprílmánaðar.

Nr. 43/1903: Hermann Jónasson eigandi Þingeyra  
 gegn  
 prestinum í Þingeyrarprestakalli,  
 Bjarna Pálssyni f. h. Hjaltabakkakirkju.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði presturinn í Þingeyrarprestakalli séra Bjarni Pálsson fyrir landamerkjadómi Húnavatnssýslu gegn eiganda jarðarinnar Þingeyra, Hermanni bónda Jónassyni, út af ágreiningi um selveiðirétt í Húnavatnsós, er áfrýjandi gjörði tilkall til fyrir hönd Hjaltabakkakirkju í Þingeyrarprestakalli. Var málið, sem rekið var með gjafsókn af hálfu prestsins, dæmt í landamerkjadóminum 11. júní f. á. á þá leið, að Þingeyrarpresti sem umráðamanni Hjaltabakkakirkju skyldi bera öll selveiði í Húnavatnsós upp til Brandaness. Borgun til dómenda, samtals kr. 125,50, skyldi að hálfu greiðast af almannafé, en að hálfu af áfrýjanda. Að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. sept. f. á., og hefir hann fengið gjafsókn til áfrýjunarinnar og skipaðan málsfærslumann. Hefir þess af hans hálfu verið krafist fyrir yfirdómi, að landamerkjadómurinn verði dæmdar ómerkur og málinu heimvísað, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málssóknarlaun til málsfærslumanns áfrýjanda fyrir yfirdóminum. Stefndi hefir einnig fengið

gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði staðfestur, og að áfryjandi verði dæmdur til að greiða einnig allan málskostnað fyrir yfirdómi, ákveðinn eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns.

Eins og áður er sagt, er ágreiningurinn í máli þessu um réttinn til selveiði í svokölluðum Húnavatsós, en hann er afrensi Húnavatns til sjávar, og rennur þangað gegnum sandgrandi, sem er milli vatnsins og sjávar. Alt til síðustu ára og svo langt sem menn hafa áreiðanlegar sögur af, hefir á þessi eða afrensi, Húnavatsós, runnið til sjávar í landi jarðarinnar Hjaltabakka, en fyrir nokkrum árum síðan færði ósinn sig svo vestur á bóginn, að hann nú rennur allur í Þingeyralandi, sem er næst fyrir vestan Hjaltabakkaland. Eftir það er þessi breyting varð á ósnum taldi Þingeyrarbóndinn sig eiga veiði alla í honum, eins og lög standa til um á, er rennur í landi manns, en presturinn í Þingeyraprestakalli sem umráðamaður Hjaltabakkakirkju heldur því fram, að kirkju þessari beri rétturinn til selveiði í ósnum, hvar sem hann renni, og eins fyrir það, þótt hann hafi fært sig vestur í Þingeyraland, og ber hann fyrir sig máldaga Auðunnar biskups frá 1318, en þar segir svo, að Hjaltabakkakirkja eigi »alla selveiði í Húnavatsós upp til Brandaness«, en Brandanes þetta gengur fram í Húnavatn norðarlega.

Auðunnar máldagi er nú ein af hinum löggiltu máldagabókum fyrir kirknaeignir, sbr. Instr. 1. júlí 1746, 16. gr, og áfryjandi hefir heldur eigi vefengt

gildi greinds ákvæðis í sjálfu sér. En hann hefir haldið því fram, að þó að ákvæðið í máldaganum væri álitid heimila Hjaltabakkakirkju selveiðirétt í ósnum, þótt hann rynni í Þingeyralandi, þá væri sá réttur nú burtu fallinn fyrir það, að hans hefði eigi verið getið í landamerkjaskrá stefnda fyrir Hjaltabakka, er þeir hefðu báðir undirskrifað og samþykkt, Þingeyraprestur fyrir jörðina Hjaltabakka og Þingeyraeigandi af hálfu Þingeyra. Það verður þó eigi fallist á þessa ástæðu áfryjanda, þar sem hér er um rétt Hjaltabakkakirkju að ræða, en eigi um ítak, sem beint er lagt til jarðarinnar Hjaltabakka, og var því eigi þörf á að nefna veiðirétt þenna í landamerkjaskránni fyrir Hjaltabakka, og gat hann þá og heldur eigi fallið burtu fyrir það, þótt hans væri eigi getið í landamerkjaskrá nefndrar jarðar.

Í annan stað hefir áfryjandi haldið því fram, að þar sem Húnavatnsós muni aldrei, fyr en hann breytti framrás sinni á síðustu árum, hafa runnið í Þingeyralandi, þá verði máldagaákvæðið eigi skilið svo, sem þar væri gjört ráð fyrir þeirri breytingu á renslí óssins, sem nú hefir orðið, enda hafi verið næg ástæða alt að einu til að taka ákvæðið upp í máldagann vegna veiðiréttarins, er það heimilaði kirkjunni í Húnavatni upp að Brandanesi, fyrir landi þeirra jarða, er þar áttu land að. Í merkjadóminum er það þó talið »mjög líklegt, að ósinn, eftir því sem hann á síðari tímum hefir verið breytingum undirorpinn, hafi einnig fyr á dögum breytt útrás sinni fram og til baka, þannig, að hann ýmist hafi runnið út í Hjaltabakkalandi eða Þingeyralandi, sbr. örnefnið Gamliós«. Samkvæmt þessari niðurstöðu merkjadómsins við rannsókn hans á

staðhátum, og henni hefir eigi verið að neinu hnekt með málstærslunni fyrir yfirdóminum, liggur það þá eigi fjarri að álíta, að máldagaákvæðið hafi einnig verið miðað við það, að ósinn gæti runnið út í landi síðarnefndrar jarðar; og þar sem ákvæðið í máldaganum er skilyrðislaust, þannig, að kirkjunni er þar, eins og orðin hljóða, eignuð selveiðin í ósnum undantekningarlaust og án tillits til þess hvar hann renni, þá verður það eigi talin lögleysa í dóminum, er hann dæmir Hjaltabakkakirkju selveiðiréttinn í ósnum, þótt hann nú renni út til sjávar í Þingeyralandi. Með því að eigi hefir verið fundið að málskostnaðarákvæði merkjadómsins, verður þannig að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður. Málsfærslumanni stefnda ber í málsfærslulaun 20 krónur, er greiðist af almannafé. Það vottast, að flutningur málsins hefir verið lögmætur.

#### Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Hinum skipaða málsfærslumanni stefnda fyrir yfirdómi, Einari yfirréttarmálaflutningsmanni Benediktssyni greiðist 20 kr. í málflutningslaun af almannafé.